

LYNGHEIMAR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Mars 2017

Efnisyfirlit

LYNGHEIMAR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	1
Inngangur	4
Leikskólinn Lyngheimar.....	4
Greining	5
Viðmiðaramminn	7

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Lyngheimum sem fram fór í mars 2017. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og í öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í mars 2017 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 13.-16. mars. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN LYGHEIMAR

Leikskólinn Lyngheimar tók til starfa árið 1998 og er staðsettur við Mururima 2, 112 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 4 deildir og 76 börn voru á leikskólanum í mars 2017. Yngri börnin eru á Knútskoti, næst yngstu börnin eru á Guddumóum, næst elstu börnin eru á Klappavör og elstu börnin eru á Fjósaklettum.

Leikskólastjóri er Júlíana Hilmisdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Kristín Helgadóttir.

GREINING

Styrkleikar:

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð. Stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans og er skýrt fram sett. Stjórnendateymi tryggir að upplýsingum sé miðlað um leikskólastarfið.

Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum er til. Framkvæmdaáætlun um jafnrétti er til og unnið er eftir henni.

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og samstarfi allra í leikskólanum. Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leikja og náms eru nýttir. Í dagskipulagi er jafnvægi á milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna.

Skipulögð viðfangsefni og leikur taka mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn. Starfsfólk myndar jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndar tengsl við þau í gegn um leik.

Börn eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum. Starfsfólk er tilbúið til að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra. Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm.

Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi á deildum.

Teymi er myndað um börn með alvarleg frávík. Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti.

Leikskólakennarar skipuleggja og leiða starf á deildum. Leikskólakennarar veita faglega forystu og leiðsögn. Leikskólakennarar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Vinnuaðstaða er góð að mati starfsfólks. Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt. Starfsfólk er samhent í starfi.

Börnunum líður vel í leikskólanum, eru glöð og áhugasöm. Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær. Starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum.

Börnin nefna marga þætti í leikskólastarfinu sem þau eru ánægð með; Dúkkukrúkur, myndlist, leirdót, samverustund, læra stafi, skoða bækur, íþróttir. Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta:

Samræmi verði á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans í starfsáætlun. Stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu.

Efniviður endurspegli margbreytileika mannlífsins og taki meira mið af hugmyndfræði Reggio Emilia. Gefa börnum tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins. Börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi.

Framkvæmdaáætlun byggð á læsisstefnu verði gerð og unnið eftir henni. Sjá til þess að námsumhverfi styðji við máltöku og málþroska barna og að ritmál verði sýnilegra. Unnið verði markvisst að eflingu vísinda meðal barna og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi. Unnið verði markvisst að heimamenningu barna. Foreldrar komi markvisst að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrá barnsins. Verkferlar vegna sérfræðiþjónustu verði skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum.

Áætlun um nám og velferð barna verði gerð. Reglulegar skráningar verði gerðar á framförum allra barna. Mat á hæfni, námi og velferð barna taki til margra þátta og fjölbreytt gögn verði lögð til grundvallar við matið. Mat á námi og stöðu barna byggji á samvinnu leikskóla og foreldra.

Börn taki þátt í að meta nám sitt og fái tækifæri til að setja sér markmið og koma með tillögur að eigin námi. Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim.

Deildarfundir verði haldnir reglulega. Starfsfólk sé lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað tungumál en íslensku og nýti fjölbreyttar leiðir til samskipta.

Foreldraráð fundi reglulega og setji sér starfsáætlun og vinnureglur. Fundir foreldraráðs verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Í skólanámskrá verði fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt og sett verði fram áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann. Áætlun um innra mat á skólaárinu liggji fyrir og mat á starfsháttum fari fram reglulega. Í greinargerð/starfsáætlun um innra mat verði fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun og gætt að því að innra mat byggji á margvíslegum gögnum. Starfsfólk leikskólans og foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsöröðun í innra mati.

Í greinargerð/starfsáætlun um innra mat komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður.

Umbótaáætlun verði í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í umbótaáætlun verði tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. Umbótaáætlun verði tímasett og hún skilgreini ábyrgðaraðila fyrir umbótum. Tilgreint verði í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða. Umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verlag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verlag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verlag.